

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðenda

ESPD (EUROPEAN SINGLE PROCUREMENT DOCUMENT)

Dagmar Sigurðardóttir sviðsstjóri lögfræðisviðs Ríkiskaupa

Guðrún Birna Finnsdóttir teymisstjóri rammamarkaðs Ríkiskaupa

Útilokunarástæður og hæfiskröfur

- Skilyrði fyrir þátttöku í útboðum er að útilokunarástæður 68. gr. [OIL](#) eigi ekki við um bjóðanda. Sýna þarf vottorð frá dómstól um að viðkomandi hafi ekki verið dæmdur fyrir:
- þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
- spillingu,
- sviksemi,
- hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
- peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka,
- barnaþrælkun eða annars konar mansal.
- brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda
- Kröfur um tæknilega og fjárhagslega getu.
- Vottorð frá tollstjóra, lífeyrissjóðum og fl.



Hvers vegna ESPD – samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðenda ?

- Tilgangur með OIL (lögum um opinber innkaup)– gegnsæi – jafnræði – samkeppni
- Mikið skrifræði og gagnaöflun – hindrun
- ESPD á að draga úr tímafrekri gagnaöflun bjóðenda
- Spurningin er hvort þetta hefur tekist ?



Hæfisyfirlýsing bjóðanda - 73. gr. OIL

- Hæfisyfirlýsing er bráðabirgðasönnun fyrirtækis (bjóðanda)
- Kemur í stað vottorða
- Í hæfisyfirlýsingunni fullyrðir bjóðandinn:
- Að útilokunarástæður 68. gr. OIL eigi ekki við hann
- Að hann uppfylli hæfiskröfurnar – um tæknilega og faglega getu
- Ef fyrirtæki byggir á getu annars aðila skv. 76. gr. skal hæfisyfirlýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar um hann
- Hjá Ríkiskaupum kallað – „LOFAÐ ÖLLU FÖGRU“-yfirlýsingin



Hæfisyfirlýsing bjóðanda - 73. gr. [OIL](#)

Að auki skal hæfisyfirlýsingin innihalda:

- viðeigandi upplýsingar sem kaupandi krefst.
- upplýsingar um það opinbera stjórnvald eða þann þriðja aðila sem ber ábyrgð á að útbúa fylgiskjöl
- formlega yfirlýsingu um að fyrirtæki muni tafarlaust geta lagt fram þessi fylgiskjöl sé um það beðið.
- Þegar kaupandi getur haft beinan aðgang að fylgiskjölum í gagnasafni, sbr. 8. mgr., skulu nauðsynlegar upplýsingar um slíkan aðgang koma fram í hæfisyfirlýsingu bjóðanda, t.d. veffang gagnasafnsins, auðkennisgögn og, ef við á, nauðsynleg yfirlýsing um samþykki.

Er þetta auðvelt í framkvæmd?

- Rafrænt útboðskerfi lykillinn
- Hægt að klára útfyllingu einfaldra útboðsgagna í símanum.
- Gögnin kalla eftir samþykki frá bjóðanda fyrir kaupanda svo hann megi leita eftir upplýsingunum.
- Kaupandi sækir staðfestingu úr opinberum gagnasöfnum.
- Í 74. gr. [OIL](#) fjallað um hvaða sönnunargögn má sækja.
- Verið að smíða kerfi þar sem hægt er að ná í vottanir frá ýmsum aðilum rafrænt.

Hvar má finna ESPD ?

- Heimasíða Ríkiskaupa

<https://www.rikiskaup.is/utbod/haefisyfirlysing---espd/>

- Eyðublaðið verður brátt partur af útboðsgögnum inni í Tendsign – nýja útboðskerfinu.
- Þar til hægt að setja sem viðhengi með tilboði.
- Aðeins sá sem verður valinn, þarf að sýna gögn um hæfi sitt. – Án tafar.
- Myndband um ESPD:
- <https://www.youtube.com/watch?v=0N8yoSajCSc#action=share>

Samevrópsk hæfisyfirlýsing

Fræðsluröð Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda

Samevrópsk hæfisyfirlýsing bjóðenda - 26. febrúar 2019

Fyrirlesarar:

Dagmar Sigurðardóttir sviðsstjóri lögfræðisviðs Ríkiskaupa

Guðrún Birna Finnsdóttir teymisstjóri rammamningateymis Ríkiskaupa

